



Hagstofa Íslands

7. mars 2003

Nefndasvið Alþingis  
Alþingi  
150 Reykjavík

**Varðar: Beiðni um umsögn um þingsályktunartillögu um könnun á umfangi fátæktar, 51. mál.**

Samkvæmt þessari tillögu skal félagsmálaráðherra láta fara fram úttekt á umfangi, orsökum og afleiðingum fátæktar á Íslandi með það að markmiði að leggja fram tillögur um úrbætur sem treysti öryggisnet velferðarkerfisins.

Hagstofa Íslands tekur ekki afstöðu til þessarar tillögu sem slíkrar en bendir á að úttektin, sem óskað er eftir, yrði afar viðamikil þannig að e.t.v. væri skynsamlegt að hluta verkið niður í viðráðanlegri þætti. Hagstofan vill hins vegar leggja áherslu á þörf er á að efla reglubundna gagnaöflun og rannsóknir á sviði tekna og lífskjara.

Hagstofan vinnur reglubundið að ýmsum athugunum er varða lífskjör í landinu. Hér má meðal annars nefna athuganir og birtingu hagskýrslna um tekjur og tekjudreifingu svo og skýrslur um ýmis félagsleg málefni, m.a. um félagsþjónustu sveitarfélaga o.fl. Frá og með árinu 2004 verður Hagstofan þátttakandi í nýrri, árlegri evrópskri rannsókn á tekjudreifingu og lífskjörum (EU Survey of Living Conditions – EU-SILC). Þessi rannsókn verður bæði í formi þversniðsrannsóknar sem tekur til eins árs í senn og langsniðsrannsóknar til að leiða fram breytingar frá einu ári til annars hjá sama viðmiðunarhópi. Rannsóknir þessar eiga að taka til heimila og beinast að tekjum heimila, tekjudreifingu, lífskjörum, fátækt, félagslegri útilokun o.fl. Vegna smæðar þjóðfélagsins er miklum erfiðleikum bundið að afla gagna til þessarar rannsóknar sem og annarra álíka með hefðbundnum úrtaksathugunum og því horfir Hagstofan ekki síst til möguleika á að hagnýta opinberar skrár til þessa verkefnis. Til að svo megi verða er nauðsynlegt að endurbæta grunnskráningu heimila og þróa aðferðir og úrvinnslu.

Þessi verkefni gætu, ef vel tekst til, veitt miklar upplýsingar um stöðu heimila umfram þær sem nú eru tiltækar eða afla má i stökum athugunum. Verkefnunum fylgir talsverður kostnaður. Fyrstu árin mun ESB greiða hluta kostnaðarins en Hagstofan þarf að standa undir drjúgum hluta breytilegs kostnaðar og kosta að auki endurbætur á grunnskrám, eins og áður var nefnt.

Hagstofa Ísland vill með þessu undirstrika mikilvægi þess að hlúð sé að reglubundinni gagnaöflun og rannsóknum er varða tekjur heimila og lífskjör í landinu.

F. h. r.